

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Móland úr landi Ytra-Seljalands, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. febrúar 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi, án grenndarkynningar. Deiliskipulagsbreytingin tekur til afmörkunar skipulagssvæðis F31, Móland úr jörðinni Ytra-Seljalandi, L163773. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deild í Fljótshlíð, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. febrúar 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi, án grenndarkynningar. Deiliskipulagið tekur til lóða úr jörðinni Deild í Fljótshlíð, L163999, en með breytingunni er verið að breyta staðsetningu og stærð lóða lítillaga. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skógasafn í Skógum, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. febrúar 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi, án grenndarkynningar. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að byggingarreitur við samgöngusafnið verði færður norður fyrir núverandi hús ásamt því að skilgreina reit fyrir nýtt hús í minningu Þórðar Tómassonar. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Héraðsskólinn að Skógum, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 13. nóvember 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skólaveg 1, L163674. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að hámarksbyggingarmagn á lóðinni verði 8.700 m² og allt að þremur hæðum. Einnig er gert ráð fyrir 78 bílastæðum á lóðinni. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 19. febrúar 2026.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 5. mars 2026